

Þjóðlendulögin orð og efndir þingmanna

Erindi flutt af Erni Bergssyni á stofnfundi LLÍ 25. janúar 2007

Setning þjóðlendulaganna 1998 átti sér langan aðdraganda, eða allt frá því að seinni Hæstaréttardómurinn um Landmannaafrétt féll árið 1981 en í þeim dómi var Landmannaafréttur dæmdur einskis manns land en Landmönnum voru dæmd takmörkuð eignaréttindi, beit og veiði. Með dóminum varð til þetta einskis manns land sem ríkið ákvað að slá eign sinni á með þjóðlendulögunum 1998.

Allt frá 1981 til 1998 voru starfandi nefndir sérfróðra manna sem höfðu það verkefni að gera tillögur um með hvaða hætti skorið yrði úr um eignarétt á hálendi Íslands. Niðurstöðum af þessari vinnu voru þjóðlendulögin sem gengu oft undir nafninu hálendis frumvarpið.

Búnaðarþing fékk þjóðlendulögin til umsagnar 1998. Ég var einn af þeim sem átti sæti á Búnaðarþingi 1998. Lögin voru kynnt fyrir Búnaðarþingi af tveimur af þeim mönnum sem sömdu lögin. Lögin voru kynnt þannig að það væri eingöngu gagnvart miðhálendi Íslands sem ætti að ákvarða mörk eignarlands og þjóðlendna. Ekki væri um að ræða að þar sem liggja fyrir staðfest landamerki jarða samkvæmt lögum þar um og þinglýsingar á þeim athugasemdarlausar, þá yrði ekki hreift við þeim. Þau eignarlönd gætu aldrei orðið þjóðlenda. Það var á þessum forsendum sem Búnaðarþing mælti með samþykkt laganna.

Skilningi Búnaðarþings á þjóðlendulögunum er kannski best lýst er ég spurði Pétur heitinn Helgason á Hranastöðum um þjóðlendufrumvarpið er við vorum að borða saman en hann átti sæti í allsherjarnefnd Búnaðarþings sem málið heyrði undir mér er svar hans afar minnisstætt sérstaklega eftir að þjóðlendukröfur í mínu heimahéraði komu fram. En Pétur sagði: *“þú þarft ekki að hafa áhyggjur af þínum umbjóðendum nema þú haldir því fram að þið eigið jökulinn”*.

Aðeins einn búnaðarþingsfulltrúi greiddi atkvæði gegn lögunum og varaði við samþykkt þeirra. Það var Þingeyingur, kannski óþarfi að nefna það, því manni var kennt í æsku að það væri varasamt að hæla Þingeyingum þeir kynnu ekki að fara með það!

Þegar þjóðlendukrafa ríkisins í Austur-Skaftafellssýslu lá fyrir var haldinn fjölmennur fundur í Mánagarði í Hornafirði þann 13. febrúar 2001. Þar voru mættir 14 þingmenn og ráðherrar auk fjármálaráðherra Geirs Haarde. Þessir 14 þingmenn og ráðherrar lýstu yfir að þeir legðu sama skilning í þjóðlendulögin og Búnaðarþing gerði 1998 að lögin ættu eingöngu að snúast um hálendi Íslands.

Halldór Ásgrímsson þáverandi utanríkisráðherra var fyrstur í ræðustólinn og sagði að þegar ákveðið var að leggja fram frumvarpið um þjóðlendu 1996 hefðu menn ekki átt von á deilum heldur að lögin gætu skýrt reglur í samfélaginu. *“Við sem vorum að setja þessi lög gerðum okkur ekki grein fyrir því að mörkin yrðu dregin svona, að Skeiðarársandur yrði innan þjóðlendumarka”*, sagði Halldór og kvaðst skilja sárindi fólks en stjórnámálamenn hefðu engan áhuga á því að standa í illdeilum við fólk og sagði að endurmeta þyrfti málið ef ekki skapaðist ró um niðurstöðuna þegar hún kæmi fram.

Á eftir Halldóri Ásgrímssyni komu alþingismenn í halarófu eins og jólasveinar þegar þeir koma af fjöllum og kældu fundinn eins og stendur í fréttum frá fundinum. Þingmenn lýstu furðu sinni á kröfugerðinni það hefði ekki verið meiningin með lögunum að hafa þinglýst lönd af bændum og vitnuðu í greinagerðina með frumvarpinu. *“Verið róleg við breytum lögunum ef þinglýst lönd verða af ykkur tekin”* sögðu þingmenn.

Síðan þessi orð voru töluð eru liðin sex ár. Hefur skapast ró um niðurstöðuna sem Halldór talaði um? Hafa stjórnámálemenn reynt að ná sátt í málinu með breytingu á lögunum? Hefur þinglýstum löndum sem tekin hafa verið af fólki verið skilað aftur eins og þingmennirnir lofuðu á Mánagarðsfundinum?

Nei aldeilis ekki, frá þessum tíma hefur ríkið hert á kröfugerðinni, aldrei verið óbilgjarnari. Ríkið hefur ekki unað úrskurði Óbyggðarnefndar þar sem landeigendum hefur verið dæmt í hag og farið með fullt af málum fyrir dómsstóla.

Hvar eru efndir þingmanna og ráðherra í þessu máli frá fundinum í Mánagarði? Á fundinum í Skjólbrekku sagðist Ari Teitsson hafa komið að undirbúningi þjóðlendumálsins á sínum tíma, en hann sæi nú að hann hafi verið blekkur. Það er ekki bara Ari Teitsson sem hefur verið blekkur. Búnaðarþing var blekkur og þingmenn hafa svikið meira og minna sem þeir hafa sagt í þessu máli frá því að fyrsta krafa ríkisins um þjóðlendur komu fram fyrir 8 árum síðan. Svo eru þingmenn Suðurlands enn að setja í kosningasnepla síðan að þeir vilji breytingar á framgöngu ríkisins í þjóðlendumálum, þingmenn sem eru búnir að sitja á þingi frá því að þjóðlendulögin voru sett. Þessir þingmenn hljóta að fara að komast í heimsmetabók Guinness fyrir aumingjaskap í þjóðlendumálinu.

Krafa þessara samtaka hlýtur að vera að þessum ólögum verði breytt. Ólög hefur lagaprófessorinn Sigurður Línadal kallað þjóðlendulögin.

Eignaréttur er talinn til mannréttinda, eignaréttur er varinn í Stjórnarskrá Íslands og Mannréttindasáttmála Evrópu. Þau viðhorf hjá íslenska ríkinu sem fram koma í málsmeðferð þjóðlendumála eru umhugsunarverð gagnvart eignarétti og mannréttindum. Það að þegnar landsins geti ekki lengur treyst því að ríkið ásælist ekki eignir þeirra er alvarlegt mál og veldur miklu óöryggi og tortryggni í garð ríkisins. Ríkið er nú orðinn helsti andstæðingur landeigenda í stað þess að gæta eignaréttar þeirra eins og þeim ber skylda til. Þá ásælist ríkið eignir og hefur veigt réttaröryggi þeirra.

Þess vegna snýst þetta mál ekki bara um lönd málið snýst líka um fólk, fólk sem átt hefur þessar eignir í mörgum tilfellum kynslóð eftir kynslóð borgað af landinu skatta og skyldur, enginn gert athugasemd við eignarhaldið öldum saman. Fyrr en ríkið kemur nú og krefst þess af fólki að það sanni sinn eignarrétt.

Ríkið heldur því fram að þetta sé meira og minna einskismannsland sem það ætlar síðan að slá eign sinni á. Hvað hefur þetta fólk unnið sér til saka að vera hundelt með þessari kröfugerð og eignir þess settar í gíslingu í allt að sex ár á meðan málin fara fyrir 3 dómstig.

Stríð landeigenda og íslenska ríkisins stendur í hnotskurn um þetta. Alþingismenn og bændaforystan túlkuðu þjóðlendulögin á sínum tíma að þinglýstar jarðir með athugasemdarlausum landamerkjum þar um, gæti aldrei orðið þjóðlenda.

Þegar að fyrsta kröfugerð fjármálaráðherra kom fram fyrir 8 árum síðan kom annað í ljós, krafðist bændaforystan og landeigendur að lögnum yrði breytt í samræmi við túlkun laganna og ætíð síðan hafa Bændasamtökin ítrekað þessa kröfu. Í staðinn fyrir að breyta lögnum segja ráðherra og þingmenn: *“Við látum dómstólana um málið, með því móti fáum við þetta allt á hreint”*.

Ef að þetta er svona, að ráðherrar og þingmenn vilja ekki breyta lögnum í samræmi við yfirlýstan tilgang þeirra þá voru þeir og eru úlfar í sauðagæru. Það var þá alltaf meining þeirra að taka eins mikið land af fólki eins og mögulegt er og kröfugerðin er þá í samræmi við það.

Þess vegna eigum við í aðdraganda komandi kosinga að draga þingmenn úr gærinni og fá það á hreint – Var þetta virkilega svona, voru þjóðlendulögin svikamilla til að hefja þetta stríð.

Hinsvegar má segja að Hæstiréttur hafi opnað fyrir áframhaldandi kröfugerð með orðum sínum í máli númer 48/2004 (Biskupstungur) þegar dómurinn taldi að það dygði ekki til sönnunar á eignarrétti á jörð að leggja fram landamerkjabréf hennar, það yrði að meta gildi hvers bréfs fyrir sig.

Þann 11. maí síðastliðinn var kveðinn upp hæstaréttardómur í máli íslenska ríkisins gegn eigendum eyðijarðanna Fjalls og Breiðamerkur á Breiðamerkursandi og 28. september féll dómur hæstaréttar í máli íslenska ríkisins gegn eigendum Stafafells í Lóni og eigendur Hoffells – Lambatungu í Nesjum.

Í þessum dómum hirti ríkið báðar eyðijarðirnar á Breiðamerkursandi og Hoffells og Lambatungur allar af jörðinni Hoffelli og stóran hluta af landi Stafafells. Alls er þetta land um 300 ferkílómetrar sem ríkið hirti bótaalaust. Í þessum dómum eru landeigendur alfarið látnir bera sönnunarbyrðina. Fyrir á öldum tíðkuðust svo kallaðar galdrabrennur. Voru bornar á fólk sakir um galdra. Sakirnar sem voru bornar á fólk voru með þeim hætti að það átti enga möguleika af afsanna þær en það var heldur ekki hægt að sanna þær. Refsingin var síðan að fólk var brennt á báli.

Í dómum Hæstaréttar í þjóðlendumálum sem framan greinir er sönnunarbyrði landeigenda með ólíkindum. Landeigendur áttu enga möguleika að afsanna það sem dómarnir byggja á. En ríkið og Hæstiréttur eiga heldur enga möguleika að sanna það sem lagt er til grundvallar dómunum. Þess vegna minna þessir dómar á galdraofsóknir fyrri alda. Ég ætla að nefna dæmi máli mínu til stuðnings.

Sönnunarbyrði sem Hæstiréttur leggur á eigendur jarrðarinnar Fjalls í dómi frá 11.maí. Óbyggðanefnd og fjölskipaður Héraðsdómur komust að þeirri niðurstöðu að eigendur jarðarinnar Fjalls hefðu sýnt fram á órofa eignarhald á jörðinni í tæp 700 ár og væri því eignarland. Hæstiréttur kemst hins vegar að þeirri niðurstöðu að eignarrétturinn hafi fallið niður á miðöldum á tæpu 200 ára tímabili en engar heimildir eru til um jörðina á þessum tíma. Í dómnum segir: *“Ekki verður útilokað að á tímabilinu frá 1387 til 1570 kunnir kirkjan að hafa ráðstað að jörðinni Fjalli en haldið eftir réttindum til fjöru og beitar”*. Hvorki landeigendur eða Hæstiréttur geta sannað hvort jörðinni hafi verið ráðstafað eða ekki ráðstafað vegna þess að ekki er til stafkrókur um jörðina á þessu tímabili. Þetta er fyrst og fremst getgáta Hæstaréttar

æðsta dómstóls landsins. Hvernig er hægt að draga fólk til ábyrgðar og svipta það eigum sínum fyrir það eitt að það eru glötuð skjöl frá miðöldum?

Ég verð aðeins að minnast á Hæstaréttardóminn um Stafafell í Lóni. Árið 1913 selur íslenska ríkið Jóni Jónssyni prófasti jörðina Stafafell með öllum gögnum og gæðum eins og stendur í afsalinu. Nú tæpum 100 árum seinna kemur íslenska ríkið og hirðir stóran hluta af jörðinni bótarlaust.

Hvaða lögfræði er þetta? Hvernig er þetta hægt? Selja hlutinn fyrst taka hann svo til baka án þess að borga fyrir. Í mínu ungdæmi var mér kennt að þeir sem þetta gerðu væru þjófar.

Mér þótti samlíking framkvæmdastjóra Bændasamtakanna um þetta góð. Af hverju stendur fjármálaráðherra ekki fyrir utan ríkið og hirðir helming af hverri flösku sem seld er!

Fyrrum eigendur jarðanna Fjalls og Breiðamerkur ákváðu síðast liðið sumar að reyna að leita réttar síns fyrir Mannréttindadómstóli Evrópu því þeir telja að í dómi hæstaréttar felist ólögmat eignaupptaka. Lögð var fram kæra í byrjun nóvember. Eigendur Stafafells hafa einnig ákveðið að leita réttar síns fyrir Mannréttindadómstólnum og fer kæra á næstu vikum frá þeim.

Leiðin til Mannréttindadómstólsins er grýtt og kostnaðarsöm. Bændasamtök Íslands hafa lagt fram 2 milljónir í undirbúningsvinnu við málarekstuinn, þökk sé þeim. Hins vegar er mjög erfitt að fá mál tekin fyrir hjá dómstólnum. Vegna þess að dómstóllinn er hreinlega kaffærður í málum. Eftir að austanstjaldslöndin fengu frelsi hefur rignt yfir dómstólinn málum þar sem fólk, er að reyna að endurheimta eigur sínar sem kommúnistarnir tóku af þeim á sínum tíma.

Aðeins 5-10% af þeim málum sem send eru komast alla leið til dómsins og þarf að bíða í 2-3 ár eftir úrskurði hvort málið verður tekið fyrir eða ekki. Við bindum vissulega vonir um að fá leiðréttingu okkar mála hjá Mannréttindadómstóli Evrópu. Góðir fundarmenn! Í dag skerum við upp herör gegn eignaupptöku og hlunnindaráni íslenska ríkisins. Við látum þetta ekki yfir okkur ganga, við gefumst aldrei upp, því málið snýst að stórum hluta um mannréttindi. Ég er einn af fyrrverandi eigendum eyðijarðarinnar Fjalls á Breiðamerkursandi. Það er kaldhæðni örlaganna að í dag skuli ég ásamt félögum mínum, árið 2007 sitja á sama bekk fyrir Mannréttindadómstóli í Evrópu og fólkið sem Stalín arðrænda forðum daga.

/ÖB